Fjárræktarfélag Þingeyinga, fóðurskýrsla - Freyr 9, 1977. 4 pd. af töðu = 5 pd. af útheyi = 1 fóðureining (fe); veturinn 1909/10: mjög snjóasamur og hey skemmt út af leka

	Ær		Lambgimbur		Lambhrútar	
	Taða pd	Úthey pd	Taða pd	Úthey pd	Taða pd	Úthey pd
Veturinn 1906—1907	46	231	37	214	150	368
— 1907—1908	47	231	25	182	25	497
— 1908—1909	19	351	26	242	84	550
— 1909—1910	22	470		385	43	560
— 1910—1911	37	387	17	284	97	557
— 1911—1912		400		311	86	510



Heybandslest um 1920. Mynd/*Foto*: Magnús Ólafsson

Heyskapur, engjar og tún - *Heuernte*

Mikill hluti heyforðans var fenginn á engjum fram til 1960–70. Hægt gekk að ræsa fram land og slétta undir tún og áburður var dýr – en hann er nauðsynlegur þar sem slegið er reglulega. Með áburðinum eru jarðveginum gefin til baka þau efni sem tekin eru burtu með heyinu. Engjar voru oftast meira og minna sléttar frá náttúrunnar hendi og náttúran sá oft um að bera á þær þar sem ár flæddu yfir þær á vorin. Þegar fleiri og stærri vélar komu til sögu – bæði til að slétta landið og til heyskapar – lagðist engjaheyskapur smám saman af enda voru engjar ekki alltaf véltækar. Nú fer svo til allur heyskapur fram á túni. Hey af engjum var kallað „úthey“ en „taða“ er hins vegar hey af túni. Orðið taða er dregið af því að það er búfjáráburður og var um aldir eini áburðurinn á tún.

Engi í eintölu virðist hvorukyns en víða kvenkyns í fleirtölu og greinilega er hér munur á málnotkun milli landssvæða. Jónatan Hermannsson frá Galtalæk í Biskupstungum skrifar: "Í mínu sunnlenska máli var orðið engi ekki til nema í samsetta staðarheitinu eða örnefninu Pollengi. Þar var það í hvorugkyni. Engjar voru hins vegar daglega málið – kvenkynsorð í fleirtölu, ekki til í eintölu. Merktu slægjuland utan túns – ekkert annað. Ekki beitiland heldur bara það sem slegið var fyrir utan tún." Dagbjartur Dagbjartsson á Hrísum í Borgarfirði: "Yfirleitt var talað um engjaslátt og engjar, en að mér finnst engi frekar um einhvern afmarkaðan stað." Jónas Hallgrímsson á Steinsstöðum í Öxnadal: "Fellur vel á velli verkið karli sterkum, syngur enn á engi eggjuð spík ..."

Wie jedes Jahr: historische Bilder von der Heuernte. Der isländische Text würde zusätzlich zur Übersetzung umfangreiche Erklärungen erfordern, daher hier nur kurz auf Deutsch – zugunsten der Bilder, die ihre eigene Sprache sprechen, wenn man sich Zeit für jedes einzelne nimmt ...

Tvímánuður

(sprich twie-maunü-thür, th = ti-eitsch)

27.8. til 26.9.2024; hefst á þriðjudegi í 18. viku sumars (eða á bilinu 22. ágúst til 28. ágúst) nema ef sumarauki er.

27.8. bis 26.9.2024; beginnt am Dienstag der 19. Sommerwoche (22. August bis 28. August), außer wenn es sich um ein Jahr mit sumarauki handelt.

1896 á Hrúna. Teikningar/*Zeichnungen:* Daniel Bruun



Sláttuvísa (Jónas Hallgrímsson)

Fellur vel á velli
verkið karli sterkum,
syngur enn á engi
eggjuð spík og rýkur
grasið grænt á mosa,
grundin þýtur undir,
blómin bíða dóminn,
bítur ljár í skára.

Gimbill gúla pembir,
gleður sig og kveður:
„Veit ég, þegar vetur
vakir, inn af klaka
hnýfill heim úr drífu
harður kemst á garða,
góðir verða gróðar
gefnir sauðarefni.“

Glymur ljárinn, gaman!
grundin þýtur undir,
hreyfir sig í hófi
hrífan létt mér ettir,
heft er hönd á skafti,
höndin ljósrar drósar.
Eltu! áfram haltu!
ekki nær mér, kæra!

Arfi lýtur orfi,
allar rósir falla,
stutta lífið styttir
sterkur karl í verki,
heft er hönd á skafti,
hrífan létt mér ettir,
glymur ljárinn, gaman!
grundin þýtur undir.



Fjallalíf. Fjóla og synir
Bergleben – Fjóla mit ihren Söhnen

Sóley Línu- og Kóngsdóttir, 3ja mánaða gömul (2022) - *3 Monate alt*







Tröllakirkja (1.030 m), 22.8.2023

Ágúst

Heyannir

Fim	1	*15.*
Fös	2	
Lau	***3***	*Verslunarmanna-*
Sun	***4***	*helgi* ●
Mán	***5***	*Frídagur versl.*
Þri	6	
Mið	7	
Fim	8	*16.*
Fös	9	
Lau	***10***	
Sun	***11***	
Mán	12	32. ☽
Þri	13	
Mið	14	
Fim	15	*17.*
Fös	16	
Lau	***17***	
Sun	***18***	
Mán	19	33. ○
Þri	20	
Mið	21	
Fim	22	*18.*
Fös	23	
Lau	***24***	
Sun	***25***	
Mán	26	34. ☾
Þri	27	
Mið	28	
Fim	29	*19. Höfuðdagur*
Fös	30	
Lau	***31***	

Tvímán.



Jón Torfason (1855-1928) útvegsbóndi Hákonarbæ, Mjóstræti 10 í Reykjavík. Líkl. í Kollafjarðarrétt, Esjan í baksýn, um 1920. Mynd/*Foto:* Magnús Ólafsson

Göngur & réttir.

Göngur og réttir: Það þýðir fjallalíf, stundum ævintýralegt, stundum miklir erfiðleikar, veður sem getur orðið allt á milli steikjandi hita og stórhríðar ... en svo er alltaf jafn heillandi að hitta kindurnar sínar aftur – eftir að hafa verið frjálsar eins og villifé, að hafa þroskað andlega og líkamlega og þjálfað þá eiginleika sem einkenna íslenskt sauðfé: Það kann að bjarga sér. Gleði endurfundarins skín úr hundrað ára gömlu myndinni til vinstri sem mér finnst alveg einstök!

Svo fann ég 130 ára gömlu myndina af gangamannakofanum fyrir neðan - það eina sem ég vissi: að hann væri "ekki langt frá Snæfelli". Snæfelli ... Þorvarður Ingimarsson á Eyrarlandi skrifaði einu sinni á Facebook-síðunni sinni: "Ég tek alltaf mynd af Snæfelli." Síðan hef ég tengt fjallið við hann - og svo fannst mér tilvalið að senda honum myndina og spyrja hvort hann kannist ekki við þennan kofa. Svarið barst eftir örfáar mínútur, já, hann kannaðist við hann og sendi meira að segja mynd af "nýjustu útgáfu" kofans - sem er ívið stærri en var ... tóftir gamla kofans séu samt varðveittar, bara rétt hjá. Hann lofaði mér að taka mynd af þeim bráðlega, enda göngur framundan.

(Reyndar var það þá kunningi hans sem tók myndina, en það er alveg jafngott!) Sérstakt við þennan kofa er að hann er hringlaga eins og fjárborg. Mér finnst þetta mögnuð saga - mynd úr þarsíðustu öld, bara eitt stikorð - send á einn bónda í allt öðrum landshluta - og strax er allt komið í ljós. Þetta segir sína sögu um hæfileika og þekkingu íslenskra sauðfjárbænda!

Abtrieb (göngur) und Sortieren im Pferch (réttir) – das Großereignis aller Schafbauern und vieler mehr. Endlich sind die geliebten Schafe wieder da – nach einem wilden und erlebnisreichen Sommer in den Bergen, der Persönlichkeit und Fähigkeiten stärkt und das Islandschaf so besonders macht.

Oft dauert der Abtrieb mehrere Tage und die Treiber übernachten in einer Berghütte. Solche Hütten sieht man unten; von der linken wusste ich nur, dass sie in der Nähe des Bergs Snæfell liegt. Eine einzige Nachricht an einen Bauern im Ostland brachte innerhalb weniger Minuten die genaue Lösung - und ein aktuelles Bild, sowohl von den Resten der damaligen Hütte als auch von ihrer "heutigen Ausgabe" ... Das sagt alles über isländische Schafbauern!

Ekki gras né skógur.

Sumir halda að eingöngu graslendi eða skógur sé til einhvers gagns. En gróður og vistkerfi er oft ekki hægt að meta í peningum. Fjölbreytileiki er verðmæti í sjálfu sér. Og "tómur melur" býr oftast yfir miklu fleiri tegundum en til dæmis greniskógur sem er vistfræðileg eyðimörk. Nokkur dæmi um plöntur sem dafna vel á melum og skriðum finnst hér til hægri, þær fundust allar stutt frá hverri annari í Hvammshlíðarfjalli!

Haustmánuður *(spr. "höist-maunüthür", th = ti-eitsch)*

26.9. til 25.10.2024; hefst á fimmtudegi í 23. viku sumars eða á bilinu 21. til 27. september en í 24. viku sumars ef sumarauki er.

26.9. bis 25.10.2024; beginnt normalerweise am Donnerstag der 23. Sommerwoche (bzw. zwischen dem 21. und 27. September).



Ekki er mikið vitað um þessa mynd en hún var tekin fyrir 1930 og einmitt svona leit það út þegar gagnamenn gistu í fjallakofum. *Übernachtung beim Abtrieb um 1930.* Mynd/*Foto:* líklega Sophie Petersen



Sæluhús við Aðalmannsvatn 1898. *Rasthaus.* Mynd/*Foto:* Daniel Bruun



Gangnamannakofi við Laugarfell, um eða fyrir 1900. Mynd/*Foto:* Frederick Howell.



Sami kofinn (eða tóftir hans) í september 2023, nýji "kofinn" t.h. Örin vísar á sama fossinn. Mynd/*Foto:* Gunnar Gunnarsson.



Geldingahnappur (Armeria maritima) *Strand-Grasnelke*

Lambagras (Silene acaulis) *Stengelloses Leimkraut*



Steindepla (Veronica fruticans) *Felsen-Ehrenpreis*



Fjallavíðir (Salix arctica) *Arktische Weide*



Mosasteinbrjótur (Saxifraga hypnoides) *Teppich-Steinbrech*



Smá þoka í Mjóadal
Ein bisschen Nebel



Bláklukka fyrsta haustið (2022)
Im ersten Herbst



Baugur í göngum – *beim gröðen Schafabtrieb*



September

Tvímánuður

Sun	***1***	
Mán	2	35.
Þri	3	●
Mið	4	
Fim	5	*20.*
Fös	6	
Lau	***7***	
Sun	***8***	
Mán	9	36.
Þri	10	
Mið	11	☽
Fim	12	*21.*
Fös	13	
Lau	***14***	
Sun	***15***	
Mán	16	37.
Þri	17	
Mið	18	○
Fim	19	*22.*
Fös	20	
Lau	***21***	
Sun	***22***	*Haustjafnd.*
Mán	23	38.
Þri	24	☾
Mið	25	
Fim	26	*23.*
Fös	27	
Lau	***28***	
Sun	***29***	
Mán	30	39.

Haustmán.

Hvammshlíðin, grillir í Bárðadal



















1.–5., 8.: Sandfell að vestanverðu, 6.–7.: Hvammshlíðarfjall að vestanverðu, 9. við Fosslækinn, 10.–13. Þverárflár









Nokkrar pælingar um gjóskulög

Rofbörð eru sameiginlegt áhugamál okkar Baugs og Kappa. Á göngutúrunum okkar erum við alltaf með augun og nefin opin til að finna sem flest af þeim: Hundarnir eru að spá í spennandi kindalykt sem er oftast að finna þar (rofbörð bjóða upp á frábært skjól), ég hins vegar í gjóskulög og mismunandi jarðvegstegundir. Mér finnst afar heillandi að sjá og meira að segja snerta lög sem eru mörg hundruð eða jafnvel nokkur þúsund ára gömul. Enn meira spennandi ef maður veit eða getur giskað uppruna öskjunnar – eldfjallið og árstal. Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur o.m.fl., fæddur á Teigi í Vopnafirði, innleiddi gjóskutímatalið 1944. Þessi aðferð er frábær hugmynd til að aldursgreina t.d. mannvirkjaleifar eða bein á frekar einfaldan hátt. Burtséð frá því eru mynstrin laganna mjög falleg.

Því miður veit ég enn allt of lítið um þessi lög og því miður er þetta allt ekki eins einfalt og ég hélt í upphafi. Ég hafði samband við Helga Pál Jónsson kennara, sem skrifaði ritgerð um gjóskulög á Norðurlandi í grunnámi sínu. Eftir að hafa lesið bæði ritgerðina og svarið hans, ætlaði ég að fara dýpra í þetta. En svo hef ég verið á kafi í riðurannsókninni einmitt á þeim tíma þar sem dagatalið varð að verða klárt. Samt tími ég ekki að sleppa þessu heillandi efni alveg – ég datt strax aftur í frekari heimildarleit með fleiri spennandi ritgerðir en verð að hætta í bili. Ég hef þetta aðallega myndrænt til að byrja með og vona að ég geti komið með meiri fróðleik næst! Og hver veit, kannski þekkir einhver lesandi betur til og nennir að deila þessari þekkingu með mér? En hlustum á Helga Pál:

"Hvítu Heklulögin eru yfirleitt auðþekkt sem leiðarlög hér á Norðurlandi og ekki verra ef maður finnur þau öll (fjögur) í staflanum. Margt getur þó truflað gjóskugreiningar, t.d. frostverkanir, rof og svo rót manna sem hafa einhvern tíma stungið niður í lögin og hreyft þau til. Stundum vöðlast öskulögin saman eða verða bylgjótt (frostverkanir), slitna í sundur og maður fær ekkert samhengi í neitt. Sumstaðar gæti maður t.d. grafið sig beint niður á H3 og aldrei séð H1 (og öfugt) því sá jarðvegur er einfaldlega horfinn (rof).

Sumir hafa ætlað að nýta gjóskulög til aldursgreininga en lent í því að telja kísilgúr (kísilþörungalög) vera gjóskulög því þau eru hvítleit eins og ljósu Heklulögin. Maður getur notað eyrun til greina mun á gjósku og jarðvegi með því að skrapa rólega í gegnum jarðveginn með hníf. Ef maður heyrir sarg eins og maður sé að skera í gegnum sand þá er líklegt að maður sé að fara í gegnum vikurlag (gjósku). Svörtu lögin eru yfirleitt alltaf þunn og stundum mjög þunn og slitrótt. Erfið að greina nema maður fái efnagreiningu í örgreini og jafnvel þá veit maður bara frá hvaða eldstöðvarkerfi þau koma. Yfirleitt þarf alltaf að hafa gott snið með mörgum gjóskulögum til viðmiðunar á sama svæði.

Ég er ekki sérfræðingur í greiningu á gjósku. Það eina sem ég get sagt er að á þessu svæði er mjög líklegt að þú finnir efst uppi H-1766 og H-1300 og líklega H1 [frá 1104]. Önnur hvít lög eru þá væntanlega H3 [2900 ára gamalt] og H4 [4500 ára]. H-1300 hefur bláleitan bjarma (ef þú greinir hann) en landnámslagið [um 870–900] hefur einkennandi ólífugrænan lit hér fyrir norðan."

Spannende Ascheschichten

An vielen Stellen sind an Erdabbruchkanten auffällige Bandmuster zu sehen und wenn man bei Trockenheit an den hellen Bändern kratzt, klingt es "hohl" und es rieselt Asche herunter. Es gibt auch schwarze oder olivfarbene Bänder unterschiedlicher Dicke. Hier handelt es sich um historische Ascheschichten verschiedener Vulkanausbrüche. Naturgemäß sind sie regional sehr unterschiedlich – je nachdem, wo damals die Asche niederging. Im Nordland sind besonders häufig die obersten vier hellen Hekla-Aschebänder zu sehen – sie stammen von 1766, 1300, 1104 und von 900 v. Chr. Seit rund 80 Jahren werden diese Schichten offiziell zur Altersbestimmung z. B. von Ruinen oder Knochen verwendet. Jedoch sind sie in vielen Fällen durch Frost, Wind und andere Störungen verändert oder sogar abgetragen worden, so dass eine eindeutige Zuordnung nicht einfach und auch nicht immer möglich ist.

Gormánuður *(gor-maunüthür, th = ti-eitsch)* 26.10. til 24.11.2024; hann er fyrsti vetrarmánuður og hefst á laugardegi á bilinu 21. til 27. október – eða 28., ef sumarauki er. Sá dagur heitir Fyrsti vetrardagur. Milli haustmánaðar og gormánaðar eru tveir "lausir" dagar sem nefnast **veturnætur**.

*26.10. bis 24.11.2024; er ist der erste Wintermonat und beginnt am Samstag im Zeitraum 21. bis 27. Oktober – oder 28., falls "sumarauki" ist (s. Juli-Blatt). Dieser Tag heißt Erster Wintertag (fyrsti vetrardagur, sprich "fisti wetrardagür"). Zwischen haustmánuður und gormánuður liegen zwei "freie" Tage, die **vetur-nætur** (Winternächte, sprich "vetür-naitür") genannt werden.*



Dreki Selason og Sólrún (sem er samt ekki móðir hans!)
Dreki und Sólrún (die trotzdem nicht seine Mutter ist!)



Seli í haustullinni - samt glæsilegur eins og alltaf
Seli in kurzer Herbstwolle - trotzdem schick wie immer

Ísing – sem betur fer bara falleg og meinlaus hér
Nebel und Frost = beeindruckende Eisformationen





Október

Haustmánuður

Þri 1
Mið 2 •
Fim 3 *24.*
Fös 4
Lau 5
Sun 6 *Eldad.*
Mán 7 40.
Þri 8
Mið 9
Fim 10 *25.* ☽
Fös 11
Lau 12
Sun 13
Mán 14 41.
Þri 15
Mið 16
Fim 17 *26.* ○
Fös 18
Lau 19
Sun 20
Mán 21 42.
Þri 22
Mið 23
Fim 24 ☾ *vetur-*
Fös 25 *nætur*
Lau 26 *1.* ***1. vetrard.***
Sun 27
Mán 28 43.
Þri 29
Mið 30
Fim 31

Gormán.





2 höfundar, sömu myndir - *2 Autoren, gleiche Bilder*

Ferðasögur útlendinga sem heimsóttu Ísland í gamla daga þykja mér einkar skemmtilegar og lærdómsríkar – glöggt er gests augað, þrátt fyrir ýmis konar misskilning og mistúlkanir. Fyrir nokkrum árum rakst ég af tilviljun á netinu á nokkrar litríkar myndir í orðsins fyllstu merkingu, sem sýna íslenskt hversdagslíf á seinni hluta 19. aldar. Fram kom að myndahöfundur var Bayard Taylor, bandarískur rithöfundur (1825–1878), sem ferðaðist til Íslands 1874 til að skrifa um þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar fyrir blaðið Tribune. Nokkrar af þessum myndum birtust í fyrri útgáfum dagatalsins míns. Vorið 2023 eignaðist ég íslenska þýðingu bókarinnar "A Californian in Iceland" eftir John Ross Browne, sem einnig var bandarískur rithöfundur og á tímabili embættismaður ríkisins (1821–1875). Hann dvaldi á Íslandi í eina viku á seinni hluta júní 1862 og ferðasagan hans birtist fyrst 1863 í Harper´s Magazine. Og viti menn, myndirnar sem prýddu bókina voru mér afar kunnuglegar. Við nánari athugun kom í ljós að allar myndir eftir Bayard áttu sér fyrirmynd í myndum eftir John! Þetta kom mér vægast sagt á óvart. Bayard leyfði sér samt að breyta nokkrum smáatriðum, líklega samkvæmt sinni upplifun. Þess vegna ákvað ég að koma með eins konar samanburð nokkurra mynda hér.

In früheren Ausgaben des Kalenders erschienen einige Aquarelle des Amerikaners Bayard Taylor (1825–1878) von 1874. Kürzlich fiel mir dann die isländische Übersetzung des Buchs "A Californian in Iceland" (1863) seines Landsmanns John Ross Browne (1821–1875) in die Hand. Die Illustrationen kamen mir sehr bekannt vor ...

















Til vinstri "frummyndin" eftir John Ross Browne (1863), til hægri "eftirlíkingin" eftir Bayard Taylor (1874).
Links jeweils das "Original" von John Ross Browne (1863), rechts die "Kopie" von Bayar Taylor (1874).

Ýlir *(sprich "ihlir")*
25.11. til 24.12.2024; hefst á mánudegi í 5. viku vetrar (eða á bilinu 20. til 27. nóvember).
25.11. bis 24.12.2024; beginnt am Montag der 5. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27. November.



Það leynir sér ekki að forystublóð rennur í öllum þremur! Engjarós, Auður, Fjóla
Anführerinnen – man sieht es sofort …



Felumynd: Hvar er Baugur?
Suchbild: Wo ist Baugur?



Allir komnir í vetrarbúninginn.
Alle gut ausgerüstet für den Winter.
Ingvi, Bleikur og fleiri



Sóley nýtur sólarinnar eins og nafnið bendir til … Heiðrún í bakgrunni.
Sóley genießt die Sonne – Heiðrún dahinter

Nóvember

Gormánuður

Fös 1 H.[1] •
Lau 2 2.
Sun 3
Mán 4 44.
Þri 5
Mið 6
Fim 7
Fös 8
Lau 9 3. ☽
Sun 10 Feðrad.
Mán 11 45.
Þri 12
Mið 13
Fim 14
Fös 15 ○
Lau 16 4. Dagur Íslenskrar tungu
Sun 17
Mán 18 46.
Þri 19
Mið 20
Fim 21
Fös 22
Lau 23 5. ☾
Sun 24
Mán 25 47.
Þri 26
Mið 27
Fim 28
Fös 29
Lau 30 6.

Ýlir

[1] Hrútadagur

Nærmyndir: raunveruleikinn áður fyrr - *Nahaufnahmen* Taktu þér góðan tíma – þessar myndir segja margar sögur! (Bendingar varðandi nöfn og staði vel þegnar.) *Nimm Dir Zeit – diese Bilder erzählen viele Geschichten!*



um 1900–1920, úr safni félagsins Det kongelige danske geografiske selskab



um 1930–1940, úr safni félagsins Det kongelige danske geografiske selskab



Á Skeggsstöðum/Svartárdal um 1940. Fr. v.: óþekkt, Kristín Sigvaldadóttir, Sigurður Þorfinnsson, Ingibjörg Dagbjört Ólafsdóttir, Halldór Ólafsson. Fremstir Pétur Sigurðsson, Sigvaldi Björnsson, óþekktur. Úr safni Sigursteins Bjarnasonar, Stafni.



Grund á Skorradal, fyrir eða um 1900; m./*F.:* Frederick Howell



Gullbrá frá Laugabóli t.h. og dóttir, um 1940; m./*F.:* Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir frá Laugabóli



Á Holti við Kirkjubæ/Síðu, fyrir eða um 1900; m./*F.:* Frederick Howell



Þórður Guðjóhnsen, Húsavík, og börnin sín; fyrir eða um 1900; m./*F.:* Frederick Howell

Mörsugur
(sprich "Mörsügür")

25.12.2024 til 24.1.2025; hefst á miðvikudegi í 9. viku vetrar eða á bilinu 20. til 27. desember.

25.12.2024 bis 24.1.2025; beginnt am Mittwoch der 9. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27.12.



Kappi sinnir aldagamalli hefð við hundaþúfu í Skálahnjúksdal





Kóngur að flýta sér í vinnuna



Desember

Ýlir

Sun 1 F.[1]
Mán 2 48.
Þri 3
Mið 4
Fim 5
Fös 6
Lau 7 7.
Sun 8 ☽
Mán 9 49.
Þri 10
Mið 11
Fim 12 Stekkjastaur
Fös 13 Gilgjagaur
Lau 14 8. Stúfur
Sun 15 ○ Þvörusleikir
Mán 16 50. Pottasleikir
Þri 17 Askasleikir
Mið 18 Hurðaskellir
Fim 19 Skyrgámur
Fös 20 Bjúgnakrækir
Lau 21 9. Gluggagægir
Sun 22 ☾ Gáttaþefur
Mán 23 Þorláksmessa*

Mörsugur

Þri 24 Aðfangadagur[K]
Mið 25 Jóladagur
Fim 26 Annar í jólum
Fös 27
Lau 28 10.
Sun 29
Mán 30 52. ●
Þri 31 Gamlársdagur

[1]Fullveldisdagurinn ●
*Ketkrókur [K]Kertasníkir

Ein blaðsíða enn!
Noch eine Seite!

Hvernig verða lambanöfn til?

Nöfnin lambanna eru svo gott sem aldrei "bara út í loftið" og sjaldnast veit ég strax hvað ákveðið lamb heitir. En einhvern tímann kemur það allt í einu í ljós. Hér ætla ég að útskýra hvernig nöfnin ásetningslambanna 2022 og 2023 urðu til (viðkomandi kindur má sjá í upphafi dagatals – yfirlitið er raðað eftir aldri).

2022

Bláklukka: Sigursteinn í Stafni kom með þessa tillögu og mér fannst henta mjög vel.
Sóley: Hún er björt á lit og mér þótti fallegt blómanafn það eina sem kæmi til greina. Inga Sóley á Sveinsstöðum (T137!) kom fyrst í huga hjá mér þegar ég hugsaði um "falleg blómanöfn" og þar með var þetta einfalt mál! Á sama tíma vaknaði hugmyndin að skýra líka hin lömbin, sem eru öll hálfsystkini undan Kóng, eftir plöntum.
Engjarós: Einhvern veginn fannst mér hún heita Rós en eingöngu Rós var hins vegar ekki rétta nafnið á hana. Engjarós er dökk og rauðleitt eins og hún (svartbotnukrunótt með rauðbrúnan blæ) og hljómar á sama tíma fallega.
Víðir: Stuttu síðar kom í ljós að hann bara heitir þannig og sem betur fer er þetta plöntuheiti! Ekki síst hljómar "Engjarós og Víðir" næstum eins og vísa.

2023

Þetta var pínu erfitt - öll lömbin hvít og ekki alveg strax ljóst hvaða lömb yrðu áfram hjá mér … Talsvert auðveldara var nafnaval á aðkomulömbin!
Rebekka: Fyrsta nafnið kom í ljós þegar Rebekka frá Laugabóli kom í heimsókn og hitti Sóleyju vinkonu sína aftur. Þar lá beint við að skýra dótturina Sóleyjar í höfuðið á henni. Það eru 97 ár á milli nafnanna!
Birta: Nafnið hentar fullkomlega á hvíta gimbur undan Björk og Teit: BirTa. Þar sameinast Sveinsstaðir (T-nöfnin) og Reykir (Birkir sem T137-ættfaðir). Til að toppa þetta allt er hún arfhrein fyrir T137!
Fífa: Einstaklega hentugt nafn með tilliti til Bláklukku móður sinnar. Það var aftur Sigursteinn sem kom með þessa tillögu.
Snærós: Hún var sérstaklega andlitsfríð frá upphafi og "rós-nafn" var það eina sem kom til greina. Með tilliti til litarins varð Snærós fyrir valinu. Eftir þetta vaknaði hugmyndin að nota fleiri nöfn sem eru tengd snjó sem auðveldaði leitina talsvert.
Snærún: Kemur auðvitað til út af móðurinni sem heitir Heiðrún.
Drífa og Jökla: eru systur og mér fannst að nöfnin þeirra ættu að hljóma vel saman. Drífa er hreinhvít á meðan Jökla er með svartan blett á nefinu og yfir höfuð með dekkri blæ - alveg eins og flestir jöklar ...
Þór: Nafnið var lengi óljóst, mér fannst bara að hann heiti eitthvað með "ó" og á sama tíma eitthvað fallegt og stutt. Þá kom það allt í einu og hægt er að finna mörg rök: Fjóla (ó!) er móðir hans, Þ er upphafsstafur bæði T137-amínósýrunnar þreonín og ömmu hans (Þoku). Síðast en ekki síst minnir nafnið aðeins á Eyþór sem er helsti og ómissandi vinnufélagi minn í riðumálum - án hans væri Þór líklega ekki til!
Arnbjörg: Nafnið var þegar til og sagan á bak við það skemmtileg. Hlustum á Guðlaugu Guðmundu Ingibjörgu Bergsveinsdóttur, ræktandann hennar: "Í vor komu hérna krakkar frá Listaháskólanum að taka upp stuttmyndaverkefni á Ströndum. Ég lék lítið hlutverk hjá þeim og var karakter sem hét Arnbjörg. Einmitt þegar ég ætlaði að leggja af stað í tökur til þeirra byrjaði Rúsína að bera og ég tilkynnti þeim að ég myndi tefjast því þetta væri ein af fáum kindum sem ég ætlaði sko EKKI að láta aðra hjálpa! Hún fékk svo auðvitað doða og þessi þrjú lömb voru eitthvað pínu flækt. En gimbrina nefndi ég Arnbjörgu út af karakternum mínum. Ég var að æfa línurnar mínar meðan ég var að draga úr henni!" (Sjá myndina til hægri!)
Þerna: Hún er frá Þernunesi og auk þess grásmokkótt með svart antlit, allavega á haustin. Þerna er gamalt kríuheiti og þar með passar nafnið fullkomlega, bæði miðað við uppruna og útlitið!
Brynjar: Snorri og Brynja eru ræktendur hans og mér fannst að Brynjar sé í alla staði tilvalið nafn á hann. (Ekki síst þar sem Snorri er þegar til í hjörðinni hjá mér – meira að segja hálfbróðir hrútsins sem Snorri og Brynja fengu í skiptum fyrir Brynjar!)

Wie entstehen die Lämmernamen?

Bei manchen Lämmern weiß ich sofort, wie sie heißen, bei den meisten aber dauert es Wochen oder Monate. Hier die Erklärungen für die Lämmernamen der letzten beiden Jahrgänge:

2022

Alle Lämmer haben Pflanzennamen. Den Anfang machte Bláklukka (sprich blau-klücka), die Glockenblume - der Vorschlag eines guten Freundes. Sóley ist hell mit leichtem Goldhauch bis auf rotbraune Flecken um die Augen, daher passte Hahnenfuß ideal, zudem ist der Name ein verbreiteter weiblicher Name. Engjarós ist tiefdunkelbraun mit rotem Anklang, ähnlich die entsprechende Pflanze (Potentilla palustris). Víðir (sprich wiethir - th wie engl. ti-eitsch) ist die Weide und ein klassischer männlicher Name, auch passt sein weißer Puschel oben auf dem Kopf zu den Blütenpuscheln der Weiden.

2023

Das war schwieriger - alle Lämmer weiß und längere Zeit nicht klar, welche letztlich bei mir bleiben würden. Beträchtlich einfacher war die Namenswahl bei den zugekauften Lämmern (alle farbig und mit spezieller Geschichte)!

Rebekka war der erste Name - leicht zu entscheiden, denn ihre Mutter Sóley und Rebekka Helga Aðalsteinsdóttir aus den äußersten Westfjorden sind Freundinnen und trafen sich im Juli wieder (s. Juli-Blatt). 97 Jahre liegen zwischen den beiden Namenskusinen!
Birta ("Helligkeit") ist die Tochter von Björk und Teitur und sie ist hell, also relativ einfach. Noch dazu hat sie reinerbiges T137!
Fífa (spr. fiewa) ist das Wollgras und sie ist Bláklukkas Tochter, daher lag der Name nahe.
Snærós (spr. snairous) hatte von Anfang an ein besonders schönes Gesicht, daher sollte es ein Name mit "rós" sein (Rose) - "snæ" bedeutet Schnee.
Snærún (spr. snairuhn) ist Heiðrúns Tochter.
Drífa (spr. driewa) und Jökla sind Schwestern - Schneetreiben (reinweiß) und Gletscher (mit schwarzen Punkten im Gesicht) passt daher optimal.
Þór: Ich hatte das Gefühl, dass er etwas mit "ó" heißt und der Name kurz ist. Einige Wochen später wusste ich es. Und es gibt viele Argumente: Fjóla (ó!) ist seine Mutter, Þoka (Þ) war seine Oma und Þ ist der Anfangsbuchstabe der Aminosäure, die T137 kennzeichnet.
Arnbjörg: Sie hieß bereits so, weil ihre Züchterin während ihrer Geburt den Text für eine Schauspielrolle auswendig lernte (s. Foto oben) - der betreffende Charakter hieß Arnbjörg!
Þerna (spr. Thertna) kommt vom Hof Þernunes, der Name bedeutet Küstenseeschwalbe und ihre Farbe passt gut dazu.
Brynjar: Seine Züchterin heißt Brynja und zudem passt der Name einfach!

Uppáhalds-lambamyndir sem rötuðu ekki inn í dagatalið
Lieblings-Lammbilder, für die kein Platz mehr war


Guðlaug Guðmunda Ingibjörg Bergsveinsdóttir og Rúsína forystublendingur á Gróustöðum, á meðan Arnbjörg mín fæddist (sjá textann t.v.!)


Sóley með Rebekku og soninn í bakgrunni


Teitur að tala við soninn sinn (undan Heiðrúnu)


Tilda og synir


Sóley með Rebekku og soninn


Fjóla og Þór, Víðir og Teitur í bakgrunni


Hildur & lömb


Þór t.v. og bróðir


Þór t.v., bróðir hans og Snærós


Þór: "Getur verið að þú fæddist í gær? Hver ert þú?"
Birta: "Birta heiti ég og er með arfhreint T137!"


Jökla og Drífa

Impressum *Verlag Alpha Uni, Richard-Wagner-Str. 18, D-50674 Köln, www.verlag-alpha-uni.de, Tel. 00354-865 8107 – Das Werk ist einschließlich aller seiner Teile urheberrechtlich geschützt. Jede Verwertung außerhalb der engen Grenzen des Urheberrechtsgesetzes ist ohne schriftliche Zustimmung des Verlages unzulässig und strafbar. 1. Auflage 2023 – ISBN 978-3-981821-68-0*